

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

30. október 2023
Mál nr. 2310061

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tímabundnar undanþágur frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi, 314. mál

Á 1194. fundi byggðarráðs Húnaþings vestra var beiðni um umsögn um frumvarp til laga um tímabundnar undanþágur frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi, 314. mál, tekið til umfjöllunar. Svohljóðandi var bókað:

Byggðarráð veitti umsögn um málið á síðasta þingi. Í umsögninni var m.a. bent á að með frumvarpinu sé gengið gegn skipulagsvaldi sveitarfélaga og þannig skapað hættulegt fordæmi auk þess sem starfsmenn eldvarnareftirlits og heilbrigðiseftirlits séu settir í erfiða stöðu að vinna gegn gildandi reglum og eigin sannfæringu. Sveitarstjóra er falið að senda samhljóða umsögn til nefndasviðs Alþingis.

Umsögnin er svohljóðandi:

Einn af hornsteinum sjálfstjórnarvalds sveitarfélaga er skipulagsvaldið. Með því frumvarpi sem hér er lagt fram er að mati byggðarráðs Húnaþings vestra vegið alvarlega að því valdi. Með frumvarpinu eru umráð yfir skipulags- og byggingamálum við tilteknar aðstæður færð frá sveitarfélagi til Skipulagsstofnunar að fenginni beiðni frá Vinnumálastofnun. Sveitarfélög eru þar með orðin umsagnaraðilar í slíkum málum. Að mati byggðarráðs er með frumvarpinu skapað hættulegt fordæmi til framtíðar í skipulags- og byggingamálum. Sveitarfélögum er engu að síður fært það hlutverk að tilkynna nærliggjandi lóðarhöfum um breytingarnar sem er fráleitt miðað við það veigalitle hlutverk sem þeim er ætlað í ferlinu að öðru leyti.

Auk framangreindra annmarka bendir byggðarráð á að með frumvarpinu eru starfsmenn skipulags- og byggingafulltrúa hjá sveitarfélögunum, ásamt starfsmönnum eldvarnaeftirlits og heilbrigðiseftirlits settir í þá stöðu að vinna gegn þeim reglum sem í gildi hafa verið um langt árabíl. Þannig er þeim gert að vinna gegn eigin vitneskju og samvisku með því að taka ábyrgð á að setja fólk í afar viðkvæmri stöðu í húsnæði sem mögulega er ófullnægjandi.

Byggðarráð gerir á engan hátt lítið úr þeirri erfiðu stöðu sem uppi er varðandi húsnæðismál flóttamanna og hælisleitenda. Lausn vandans getur þó ekki falist í að safna þessum viðkvæma hópi fólks saman í húsnæði sem fáir létu bjóða sér og um leið brjóta á grundvallarrétti sveitarfélaga til að fara með skipulagsvald.

Ofangreint tilkynnist hér með.

F.h. byggðarráðs Húnaþings vestra,



Unnur Valborg Hilmarsdóttir
Sveitarstjóri